

Icepack ehf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík

Selfossi, 16. júlí 2025
UOS2504306/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Tollafgreiðsla plöntuverndarvara 2024 – Kröfur um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 16. maí 2025, þar sem tilkynnt var um eftirlit vegna tollafgreiðslu plöntuverndarvara á árinu 2024. Óskað var eftir að Icepack ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem það setti á markað á árinu 2024 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af plöntuverndarvörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2024.

Markmið eftirlitsins var að safna gögnum um tollafgreiðslu plöntuverndarvara hjá fyrirtækjum og einstaklingum sem skv. gögnum um tollafgreiðslu frá Tollgæslunni flytja slíkar vörur til landsins. Upplýsingarnar eru nauðsynlegar til þess að reikna út áhættuvísa vegna markaðssetningar og notkunar á plöntuverndarvörum og sannreyna að markmið í Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016-2031 séu uppfyllt.

Icepack ehf. varð ekki við beiðni Umhverfis- og orkustofnunar um að afhenda vörureikninga fyrir þeim sendingum sem fyrirtækið fékk tollafgreiddar á árinu 2024 og féllu undir tollflokka fyrir plöntuverndarvörur.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að skv. 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. efnalaga nr. 61/2013 skal sá sem markaðssetur leyfisskyld efni eða efnablöndur gera Umhverfis- og orkustofnun grein fyrir magni þeirra í upphafi hvers árs vegna innflutnings undangengins árs og skv. 2. mgr. 49. gr. efnalaga ber þeim sem hafa efni eða efnablöndu undir höndum að veita alla nauðsynlega aðstoð við eftirlit. Einnig ber þeim að veita Umhverfis- og orkustofnun allar umbeðnar upplýsingar og afhenda þau gögn sem hafa þýðingu við eftirlitið.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Icepack ehf. frest til 5. ágúst 2025 til að senda stofnuninni:

- **Afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar sem tollafgreiddar voru sem plöntuverndarvörur á árinu 2024, sbr. upplýsingar frá Tollgæslunni. Gögnum skal skilað með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar uos@uos.is, merkt málsnúmerinu UOS2504306. Athugið að með bréfi stofnunarinnar dagsett 16. maí 2025 fylgdi samantekt á sendingarnúmerum sem óskað er eftir vörureikningum fyrir og fylgir samantektin einnig með þessu bréfi.**

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfis- og orkustofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur

gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmunum sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfis- og orkustofnunar með rökstuðningi fyrir 5. ágúst 2025.

Umhverfis- og orkustofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfis- og orkustofnunar innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 569-6000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála